



HAFNARFJÖRÐUR

Niðurstöður vinnuhóps um aðstöðu til knattspyrnuíðkunar

Í bæjarráði þann 21. september var eftirfarandi samþykkt varðandi erindi Fimleikafélags Hafnarfjarðar frá 15. september:

„Bæjarráð samþykkir að fela vinnuhópi ráðsins að fara yfir erindið og móta tillögu að svari sem felur í sér grundvöll að viðunandi lausn á þeim aðstöðuvanda sem er til staðar meðal iðkenda knattspyrnu hjá íþróttafélagunum í Hafnarfirði. Skal vinnuhópurinn leggja til grundvallar tillögu sinni erindi Fimleikafélagsins FH, þær hugmyndir sem þar koma fram um samstarf og greinargerð íþróttafulltrúa um aðstöðu til knattspyrnuíðkunar í Hafnarfirði og sem lögð var fram í ráðinu þann 18. maí sl.

Forgangsröðun ÍBH skal einnig vera til grundvallar vinnu vinnuhópsins.

Í vinnuhópinn skal bæjarráð skipa einn bæjarráðsfulltrúa frá hverjum stjórnarálflokki og skal hópurinn skila tillögu sinni fyrir fund bæjarráðs sem haldinn verður þann 12. október næstkomandi. Í framhaldinu verður það hlutverk bæjarráðs og bæjarstjórnar að taka endanlega afstöðu til þess hvort verkefnið rúmast innan þess ramma sem gerð fjárhagsáætlunar markar.“

Eftirtaldir eru skipaðir í hópinn:

Kristinn Andersen
Einar Birkir Einarsson
Margrét Gauja Magnúsdóttir
Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir



Tillögur varðandi erindi FH

Erindi FH til bæjarráðs var tvíþætt:

- i. Að hefja viðræður við Hafnarfjarðarbæ um fjármögnun á byggingu knattþúss („Skessunnar“) og á endurnýjun á grasæfingasvæði á Kaplakrikasvæðinu, þar sem framkvæmdir yrðu í umsjá FH. Framlag Hafnarfjarðarbæjar yrði hluti af frágangi eignaskiptasamnings í Kaplakrika.
- ii. Gengið verði frá eignaskiptasamningi um Kaplakrika.

Starfshópurinn telur að ekki eigi að tengja gerð eignaskiptasamningsins við fjármögnun nýs knattþúss þar sem um tvö aðskilin mál er að ræða. Engu að síður er nauðsynlegt að ljúka þeirri vinnu hið fyrsta.

Varðandi aðkomu bæjarins að fjármögnun og framkvæmdum minnir starfshópurinn á að bæjarstjórn samþykkti á fundi 10. maí sl. að gengið verði út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð verða með þátttöku sveitarfélagsins í framtíðinni. Ennfremur er þá horft til þess viðhafa útboð eins og við stærri framkvæmdir sem kostaðar eru af fjármunum sveitarfélagsins.

Vinnuhópurinn er sammála um fyrirbyggjandi þörf á aðstöðu til knattspyrnuæfinga ungmenna í Hafnarfirði og hefur skoðað fjölmarga kosti til þess að bæta úr henni til næstu ára. Uppbygging aðstöðu í Kaplakrika getur orðið liður í að bæta úr þeirri þörf og bendir þar á eftirfarandi kosti.

Vinnuhópurinn leggur til að Hafnarfjarðarbær fari þá leið að skoða möguleika á að nýta íþróttamannvirkin sem fyrir eru í Hafnarfirði enn betur til knattspyrnuæfinga á veturna. Einnig þarf að skoða hver áhrifin verða af því að nýtt körfuboltaús verði tekið í notkun á Ásvöllum og jafnframt hver áhrifin af því verða þegar yngri börn geta æft fyrr á daginn í húsum sem fyrir eru vegna Frístundaaksturs Frístundabílsins.

Að auki verði skoðað hvort leigja megi keppnisvelli hjá öðrum sveitarfélögum.

Ef ákveðið verður að fara í framkvæmdir vegna aukinnar þarfar á æfinga- og keppnisaðstöðu knattspyrnu leggur starfshópurinn til að skoðað verði að byggja nýjan gervigrasvöll á Kaplakrika annað hvort á þeim stað þar sem núverandi gervigrasvöllur er eða þar sem fyrirhugað var að byggja „Skessuna“. Um er að ræða upphitaðan keppnisvöll í fullri stærð með flóðljósalytingu. Í fjárhagsáætlun fyrir 2017 eru 70 milljónir áætlaðar í þessa framkvæmd og í þriggja ára áætlun, fyrir árið 2018 er reiknað með 60 milljónum í þessa framkvæmd. Bæta þarf 70-90 milljónum við fyrri fjárhagsáætlun.



Vinnupunktur um þörf og uppbyggingu knattspyrnuaðstöðu í Hafnarfirði

Til þess að afla upplýsinga um þörf fyrir knattspyrnuaðstöðu í bænum ræddi starfshópurinn við forsvarsmenn FH og Hauka um stöðu mála. Forsvarsmenn félaganna eru sammála um að verulegur skortur er á æfingar- og keppnisaðstöðu á veturna.

Samkvæmt úttekt sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefur gert (sbr. [greinargerð íþróttafulltrúa sem lögð var fram í bæjarráði 18. maí 2017](#)) er ljóst að raunveruleg þörf er á aukinni æfingar- og keppnisaðstöðu á veturna fyrir börn og ungmenni. Æfingar fara gjarnan fram á hálfum fótboltavöllum, þannig að tvær æfingar geta farið fram samtímis á einum velli í fullri stærð, og því er hentugt að mæla þörfina í hálfum völlum. Samkvæmt fyrrgreindri úttekt vantar æfingatíma sem nemur 120-130 hálfum fótboltavöllum á viku hverri eða um 60-65 æfingartímum á stórum löglegum fótboltavöllum fyrir iðkendur fótbolta í Hafnarfirði. Ætla-má að nýr gervigrasvöllur eða nýtt knatthús í fullri stærð myndi uppfylla þessa þörf að mestu, með a.m.k. 80-100 æfingum á hálfum fótboltavöllum á viku.

Umtalsverð aukin ásókn er í fótboltaæfingar hjá bæði FH og Haukum. Að meðaltali hefur iðkendum hjá FH fjölgað um 30% milli ára síðustu þrjú ár samkvæmt Nora skráningarkerfinu. Hjá Haukum hefur iðkendum fjölgað um 13% samkvæmt sama gagnagrunni. FH skráir alla iðkendur fótbolta í Nora kerfið, þ.e. ekki eingöngu ungmenni sem æfa yfir árið í knattspyrnuflokkum félagsins, heldur einnig aðkeypta tíma fullorðinna og knattspyrnskóla á sumrin. Haukar skrá hins vegar eingöngu æfingar ungmenna í knattspyrnuflokkunum. Skráðir iðkendur í fótbolta hjá FH eru þannig 961 vorið 2017 og hjá Haukum 622. Að jafnaði eru um 400 börn í hverjum árgangi í grunnskólum bæjarins. Sem dæmi eru í 5. flokki karla og kvenna (börn fædd 2005 og 2006, eða 11 og 12 ára) hjá Haukum og FH um 280 börn skráð í fótbolta af um 800 börnum sem eru í árgöngunum tveimur í Hafnarfirði.

Frístundaaksturinn, þar sem skólabörnum er ekið á æfingar strax að skóla loknum, getur aukið nýtingu á íþróttamannvirkjum fyrr á daginn að mati hópsins. Í dag er eingöngu ekið með sex og sjö ára börn á æfingu kl. 15:00. Mögulegt væri að hefja æfingar kl 14:00.

Starfshópurinn horfir ekki til aðstöðu fyrir áhorfendur eða áhorfendapalla við nýja uppbyggingu vegna knattspyrnuaðstöðu.

Völlur undir beru lofti mundi að miklu leyti koma til móts við þær þarfir sem metið er að séu til staðar, en ljóst er að á veturna þarf að fella niður æfingar vegna veðurs og skilyrði til æfinga verða erfiðar. Samkvæmt upplýsingum frá Haukum falla í meðalári um 10% æfinga niður sökum veðurs á veturna á gervigrasvelli þeirra.

Starfshópurinn telur heppilegast að möguleg bygging knatthúsi ætti að vera á íþróttasvæðum Hauka eða FH. Á íþróttasvæðum FH og Hauka er öll önnur aðstaða sem þarf til staðar utan vallarins sjálfs eins og búnings- og sturtuklefar, bílastæði og stjórnunaraðstaða, svo ekki sé minnst á starfsmenn. Sé byggt annarstaðar þarf að hafa allt slíkt inni í byggingarkostnaðinum og jafnframt yrði rekstur dýrari.

Samkvæmt tillögu í erindi FH yrði nýja knatthúsið („Skessan“) að hluta eða að öllu í eigu FH og gera þyrfti rekstrarsamninga um húsið, auk þeirra húsa sem fyrir eru, „Risans“ og „Dvergsins“, til að tryggja Hafnarfjarðarbæ tíma sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) gæti úthlutað til að sinna þörf fyrir aðstöðu til knattspyrnuæfinga ungmenna í bænum.

Á bæjarstjórnarfundi 10. maí sl. var samþykkt að gengið verði út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð verða með þátttöku sveitarfélagins í framtíðinni.



Mögulegt er að fjölga æfingar- og keppnistímum fyrir börn og ungmenni með því að sameina heimavelli meistaraflokka FH og Hauka í karla- og kvennaknattspyrnu á heimavelli FH við Kaplakrika. Þetta fyrirkomulag myndi hins vegar ekki stuðla að aukinni aðstöðu á veturna, þar sem grasvellir nýtast ekki á þeim tíma.

Tillögur til skoðunar

Í öllum tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að húsnæði verði í fullri eigu Hafnarfjarðarbæjar og að allir tímar í því renni í gegnum tímaúthlutunarkerfi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar þar sem gætt er að jafnræði milli félaga út frá samþykktum og viðmiðunum íþróttahreyfingarinnar.

Allar tillögurnar auka framboð á völlum bæði yfir sumar- og vetrartímamann, en að mismiklu marki. Til greina kæmi að taka fleiri en eina tillögu til framkvæmda til að leysa fyrirbyggjandi aðstöðuvanda til skemmri eða lengri tíma.

Tillögunum er raðað í röð eftir vaxandi gæðum og kostnaði:

Tillaga 1 – Leiga á gervigrasvöllum hjá nágrannasveitarfélögum

Hafnarfjarðarbær leigir tíma á gervigrasvöllum nágrannasveitarfélaga til að FH geti keppt í mótum og til að koma til móts við skort á æfingasvæðum á veturna.

Ávinningur:	Nýtist til æfinga og keppni að vetri til eftir þörfum þ.e. gæti leyst tímabundið alla þörf.
Ókostir:	Börn og eldri iðkendur þurfa að sækja æfingar og keppni utan Hafnarfjarðar. Óvíst er hve mikið af tímum væri í boði til leigu.
Framkvæmdatími:	Enginn. Gæti hafist 1. janúar 2018 ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017
Framkv.kostnaður:	Enginn
Rekstrarkostnaður:	Áætlaður 10 mkr. á ári

Tillaga 2 – Aukin nýting núverandi íþróttasala hjá Hafnarfjarðarbæ

Að nýta betur íþróttasali í Hafnarfirði fyrir knattspyrnuæfingar yngstu aldurshópanna, svo þeir geti æft á veturna innanhúss í venjulegum íþróttasal. Frá og með febrúar/mars 2018 er áætlað að taka í notkun nýjan sal á Ásvöllum. Tilkoma þessa salar mun auka til muna framboð af æfingarvöllum fyrir fótbolta sem og aðrar íþróttagreinar í öðrum sölum. Einnig kæmi til greina að nýta leikfimisal Lækjarskóla undir yngstu deildir fótbolta.

Ávinningur:	Nýtist til æfinga allt árið sem 40-50 hálfir fótboltavellir á ári, þ.e. 500-600 iðkendum í yngstu flokkum (5. og 6. flokki).
Ókostir:	Leysir ekki aðstöðu vegna keppnisvalla.
Framkvæmdatími:	Enginn. Gæti hafist 1. janúar 2018 ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017.
Framkv.kostnaður:	Enginn.
Rekstrarkostnaður:	Áætlaður 10-15 mkr. á ári

Tillaga 3 - Auka leigu á húsnæði íþróttafélaga í bænum

Að nýta „Risann“ og „Dverginn“ betur en í dag. Samið verði við FH um að leigja fleiri tíma eða farið verði í að kaupa upp eignirnar. Hér myndi FH hætta að mestu að leigja út til þriðja aðila tíma í þessum húsum. Hægt væri að leigja tíma í „Dverg“ milli 14:00 – 22:00 virka daga og um 20 klst um helgar auk einhverra viðbótartíma í „Risanum“, sem gæti verið kostnaður á ársgrunni upp á 15 milljónir kr. Hafnarfjarðarbær og aðalstjórn FH þyrftu að endurskoða rekstrarsamning vegna „Risans“ og bæta „Dvergnum“ þar inn í. Þessi tillaga mundi leysa þörfina aðeins að litlum hluta.

Ávinningur:	Nýttist til æfinga allt árið sem 25 hálfir fótboltavellir á viku, þ.e. 200-300 iðkendum í yngri flokkum.
Ókostir:	Þörfin fyrir aukna æfingaaðstöðu væri leyst að litlum hluta og vandinn vegna keppnisvalla leysist ekki hér.
Framkvæmdatími:	Enginn. Gæti hafist 1. janúar 2018 ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017.
Framkv.kostnaður:	Enginn.
Rekstrarkostnaður:	15 mkr. á ári

Tillaga 4 – Stækkun og gerð úti-gervigrasvallar í Kaplakrika, með hitalögnum og lýsingu

Að byggja nýjan gervigrasvöll á Kaplakrika þar núverandi gervigrasvöllur er, eða þar sem fyrirhugað var að byggja „Skessuna“, setja hitalagnir og lýsingu við völinn. Jarðvinna fari fram árið 2017 og kostnaður væri um 50 milljónir króna, framkvæmd yrði boðin út sem fyrst og gert yrði ráð fyrir að framkvæmdinni væri lokið um haustið 2018. Áætlaður framkvæmdarkostnaður í kringum 150-170 milljónir króna. Þessi tillaga mundi leysa vallarþörfina eins og staðan er í dag.

Ávinningur:	Nýttist til æfinga allt árið sem 110-120 hálfir fótboltavellir á viku, þ.e. 900-1100 iðkendum. Nýttist einnig sem fullgildur og löglegur keppnisvöllur.
Ókostir:	Vetrarmánuðir mundu ekki nýtast að fullu til æfinga, vegna veðurs.
Framkvæmdatími:	10 mánuðir. Yrði tilbúinn haustið 2018, ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017.
Framkv.kostnaður:	200-220 mkr.
Rekstrarkostnaður:	5-7 mkr. á ári.

Tillaga 5 - Knatthús í hálfri stærð á Ásvöllum

Byggja yfirbyggt hálfkt knatthús, sambærilegt að stærð og „Risinn“ í Kaplakrika, Yrði reist úr límtréseiningum eða stálgrindarhús, heldur inni lágmarkshita og væri reist á Ásvöllum. Húsið væri byggt af Hafnarfjarðarbæ eftir alútboðsformi. Stofnuð yrði byggingarnefnd fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og Hauka hið fyrsta sem stýrði verkefninu. Kostnaðarmat um 300 milljónir króna.

Ekkert knatthús er til staðar á Ásvöllum. Tillagan leysir að hálfu leyti þörfina.



Ávinningur:	Nýtist til æfinga allt árið sem 60 hálfir fótboltavellir á viku, þ.e. 500-550 iðkendum.
Ókostir:	Börn og eldri iðkendur þurfa að sækja keppni utan Hafnarfjarðar og lengri bið eftir úrlausn mála
Framkvæmdatími:	15-18 mánuðir og er hluti tímans útboðstími. Yrði tilbúinn um vor 2019 ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017.
Framkv.kostnaður:	300 mkr.
Rekstrarkostnaður:	8-9 mill. á ári án grasviðhalds og hita.

Tillaga 6 – Knatthús í hálfri stærð með lágmarkshitun á Ásvöllum, stækkanlegt

Byggja yfirbyggt hálf knatthús sem heldur hita inni í 5-10 gráður að Ásvöllum sem yrði hægt að stækka í fulla stærð síðar. Ekkert knatthús er til staðar núna á Ásvöllum. Húsið væri byggt af Hafnarfjarðarbæ eftir alútboðsformi. Kostnaður yrði 600 milljónir króna. Tillagan leysir að hálfu leyti þörfina.

Ávinningur:	Nýtist til æfinga allt árið sem 60 hálfir fótboltavellir á viku, þ.e. 500-550 iðkendum.
Ókostir:	Stofnkostnaður, völlum yrði ekki í keppnisstærð og lengri bið eftir úrlausn mála.
Framkvæmdatími:	15-18 mánuðir og er hluti tímans útboðstími. Yrði tilbúinn um vor 2019 ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017.
Framkv.kostnaður:	600 mkr.
Rekstrarkostnaður:	8-9 mill. á ári án grasviðhalds og hita.

Tillaga 7 – Knatthús með engri hitun á Kaplakrika

Að Hafnarfjarðarbær reisi kalt knattspyrnuhús í fullri stærð, án hitunar, þar sem FH hefur lagt til að „Skessan“ risi. Um væri að ræða tjaldhús með einfaldri burðargrind, hliðstætt t.d. „Dvergnum“ sem nú þegar er á Kaplakrika. Húsið væri byggt af Hafnarfjarðarbæ eftir alútboðsformi. Stofnuð yrði byggingarnefnd fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og FH hið fyrsta sem stýrði verkefninu. Kostnaðarmat um 700-750 milljónir króna. Þessi tillaga leysir þörfina fyrir knattspyrnuaðstöðu að öllu leyti í Hafnarfirði í nokkur ár.

Ávinningur:	Nýtist til æfinga allt árið sem 120 hálfir fótboltavellir á viku, þ.e. 1000-1100 iðkendum. Nýtist einnig sem fullgildur og löglegur keppnisvöllur.
Ókostir:	Stofnkostnaður og lengri bið eftir úrlausn mála.
Framkvæmdatími:	12-13 mánuðir, hluti tímans er útboðstími. Húsið gæti orðið tilbúið um áramót 2018/2019 ef ákvörðun lægi fyrir um þessa leið 1. nóv. 2017.
Framkv.kostnaður:	700-750 mkr.
Rekstrarkostnaður:	5 mkr. á ári.



Tillaga 8 – Knattús með lágmarkshitun á Kaplakrika

Að Hafnarfjarðarbær reisi hús sem heldur inni um 5-10 gráðu hita, þar sem FH hefur lagt til að „Skessan“ risi. Um væri að ræða byggingu með nokkurri einangrun, með burðarvirki t.d. úr límtré, stálgrind og/eða að einhverju leyti steyp. Húsið væri byggt af Hafnarfjarðarbæ eftir alútboðsformi. Stofnuð yrði byggingarnefnd fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og FH hið fyrsta sem stýrði verkefninu. Áætlað er að knattúsið kosti um 1100-1200 milljónir króna, árið 2017 renni 60 milljónir í undirbúningskostnað, 600 milljónir árið 2018 og 500 milljónir árið 2019 sem fara í að klára bygginguna. Þessi tillaga leysir þörfina fyrir knattspyrnuaðstöðu að öllu leyti í Hafnarfirði í nokkur ár.

Ávinningur: Nýtist til æfinga allt árið sem 120 hálfir fótboltavellir á viku, þ.e. 1000-1100 iðkendum.

Nýtist einnig sem fullgildur og löglegur keppnisvöllur.

Ókostir: Stofnkostnaður og lengri bið eftir úrlausn mála.

Framkvæmdatími: 20-22 mánuðir. Yrði tilbúið 1. sept. 2019 ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017.

Framkv.kostnaður: 1100-1200 mkr.

Rekstrarkostnaður: 10-15 mkr. á ári.

Tillaga 9 – Knattús með lágmarkshitun á Ásvöllum

Að Hafnarfjarðarbær reisi hús sem heldur inni um 5-10 gráðu hita, þar sem Haukar hafa lagt til að Knattspyrnuhús í fullri stærð risi. Húsið yrði byggt af Hafnarfjarðarbæ eftir alútboðsformi. Stofnuð væri byggingarnefnd fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og Hauka hið fyrsta sem stýrði verkefninu. Áætlað er að knattúsið kostaði um 1100-1200 milljónir króna, árið 2017 rynnu 60 milljónir í undirbúningskostnað, 600 milljónir árið 2018 og 500 milljónir árið 2019 sem færu í að klára bygginguna. Þessi tillaga leysti þörfina fyrir knattspyrnuaðstöðu að öllu leyti í Hafnarfirði í nokkur ár.

Ávinningur: Nýtist til æfinga allt árið sem 120 hálfir fótboltavellir á viku, þ.e. 1000-1100 iðkendum.

Nýtist einnig sem fullgildur keppnisvöllur.

Ókostir: Stofnkostnaður og lengri bið eftir úrlausn mála.

Framkvæmdatími: 20-22 mánuðir. Yrði tilbúinn 1. sept. 2019 ef ákvörðun lægi fyrir 1. nóv. 2017.

Framkv.kostnaður: 1100-1200 mkr.

Rekstrarkostnaður: 10-15 mkr. á ári.